

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

*Breyting á deiliskipulagi fyrir Holtahverfi norður.*

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 6. júlí 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir Holtahverfi norður.

Breytingin tekur til lóðarinnar Hulduholts 2 og felur í sér stækkun byggingarreits um 0,5 m til norðausturs auk breytinga á skilmálum á þann veg að útskagandi hlutir eins og svalir mega standa allt að 1,9 m út fyrir byggingarreit og útlínur bílakjallara/niðurkeyrslu mega standa við lóðarmörk sem liggja að gangstígum.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 25. ágúst 2022,*

**María Markúsdóttir** verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfudagur: 25. ágúst 2022